

# Samfélagssjóður Fljótsdals

## Úthlutunarreglur

### Hlutverk Samfélagssjóðs Fljótsdals

Hlutverk Samfélagssjóðsins samkvæmt skipulagsskrá er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og eflingu atvinnulífs í Fljótsdal á Héraði, nánar tiltekið á því landsvæði sem er innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

### Áherslur, markmið og hugmyndafræði

Áherslur og hugmyndafræði Samfélagssjóðsins byggir fyrst og fremst á samfélagsverkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal, en jafnframt er horft til Sóknaráætlunar Austurlands, þar sem hvatt er til atvinnusköpunar, sjálfbærni í landbúnaði, sköpunar og náttúrunýtingu sem og eflingu samfélags, menningu og félagslífs. Í áherslunum felast bæði ákveðin viðmið um verkefni og hvatning til aðgerða:

- Styðja við viðburði, afþreyingu og styrkja félagslíf.
- Styðja við verkefni sem auka sýnileika svæðisins og markaðssetningu afurða, framleiðslu og þjónustu.
- Styðja við menningarverkefni sem draga fram eða efla áhugaverða þætti í menningar-  
arfleifð, t.d. handverk og vinnulag.
- Styðja við verkefni sem styrkja hverskonar atvinnustarfsemi.
- Styðja við nýsköpun í atvinnustarfsemi ungs fólks á aldrinum 20 – 35 ára.
- Styðja við atvinnuverkefni sem stuðla að aukinni sjálfbærni og/eða draga úr sóun og bæta nýtingu.
- Styðja við verkefni er hvetur til eflingar og nýsköpunar í landbúnaði og jarðrækt.
- Styðja við atvinnuverkefni sem miða að vörubrúun og fullvinnslu matvæla og skógarafurða.
- Styðja við atvinnuverkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun.
- Hvetja til þess að auka hlutfall staðbundinna hráefna í nýtingu og sölu.
- Hvetja til aukinnar ferðaþjónustu, afþreyingar og samstarfsverkefna innan ferðaþjónustunnar.
- Styðja við uppbyggingu ferðamannastaða og fræðslu til ferðamanna.
- Styðja samstarf fyrirtækja og stofnana og fræðastarf, m.a. með alþjóðlega skírskotun.

### Úthlutanir

Umsóknum skal skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum Samfélagssjóðsins. Séu umsóknir ekki útfylltar í samræmi við leiðbeiningar er hægt að hafna þeim. Niðurstaða úthlutunar er endanleg og ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.

- Umsækjendur í Samfélagssjóð Fljótsdals geta verið: Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sjóðsins og úthlutunarreglna.

- Umsækjandi skal sýna fram á að minnsta kosti 30% mótframlag á móti styrk sjóðsins. Gera þarf skýra grein fyrir mótframlaginu, þ.e. vinnuframlagi, fjármagni eða öðru. Ef um samstarfsverkefni er að ræða þarf að staðfesta þátttöku annarra í verkefninu.
- Umsækjanda er heitið trúnaði varðandi umsókn en birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis, stutt lýsing á verkefni, styrkuppþæð og heildarkostnað.
- Umsækjandi skal hafa gengið frá áfanga- og/eða lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um nýjan styrk.
- Verkefni skal að jafnað ekki standa lengur en í eitt ár. Vegna langtímaverkefna skal gera grein fyrir áföngum verkefnisins og sækja um styrk fyrir afmörkuðum hlutum þess sem ljúka á innan 12 mánaða frá undirritun styrktarsamnings.
- Umsækjandi ábyrgis að öll tilskilin leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis.
- Samfélagssjóður gerir samning við styrkþega áður en greiðslur hefjast. Styrkir greiðast samkvæmt samningsskilmálum og framvindu verkefnis. Lokagreiðsla framkvæmist að jafnaði eftir fullnægjandi skil lokaskýrslu.
- Styrkir lægri en ein milljón króna greiðast að jafnaði í tvennu lagi; helmingur (50%) við undirritun samnings og helmingur eftir fullnægjandi skil lokaskýrslu. Styrkir hærri en ein milljón greiðast í þrennu lagi; við undirritun samnings greiðast 30%, við skil framvinduskýrslu greiðast 30% og lokagreiðsla 40% eftir fullnægjandi skil lokaskýrslu ásamt viðeigandi gögnum.
- Í lokaskýrslu skulu koma fram upplýsingar um framvindu og árangur í samanburði við framvinduáætlun í umsókn og skilmála samnings. Gera þarf grein fyrir öllum breytingum á verkefni, t.a.m. ef styrkur Samfélagssjóðs eða önnur fjármögnun hefur vikið frá áætlun. Mat á verkefni byggir á grundvelli lokaskýrslu og er tekið tillit til slíkra breytinga, en stjórn getur tekið ákvörðun um að hafna lokagreiðslu ef verulegar breytingar hafa orðið á verkefni frá framlagðri umsókn og undirritun samnings. Áriðandi er því að styrkþegar beri fyrirsjáanlegar breytingar á verkefni undir verkefnisstjóra áður en til þeirra kemur. Ljúki verkefni ekki innan 12 mánaða frá undirritun samnings og fyrstu greiðslu skal styrkþegi leggja fram greinargerð með skýringum á tölum eða endurgreiða styrkinn. Starfsmaður sjóðsins afgreiðir slíkar greinargerðir í samráði við stjórn sjóðsins.
- Úthlutunarreglur endurskoðast árlega af stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals.

## **Styrkhæfur kostnaður**

Samfélagssjóður Fljótsdals tekur þátt í fjármögnun styrkhæfs kostnaðar. Styrkhæfur kostnaður skal koma fram í kostnaðaráætlun umsóknar og til hans teljast eftirfarandi þættir:

### ***Mat á eigin vinnuframlagi***

Vinnuframlag, þ.e. mótframlag styrks, miðast við unnar stundir umsækjanda eða samstarfsaðila og er viðmiðunartaxti á hverja vinnustund 4.500 kr. Heimilt er að reikna með öðrum taxta sem gildir fyrir þátttakendur í hverju tilviki fyrir sig. Þó ekki lægri en viðmiðunartaxta.

Halda skal tímaskýrslur yfir vinnu við verkefnið og skal skila þeim inn með öðrum

skjölum vegna kostnaðar við verkefnið.

### ***Ferða & fundakostnaður***

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum, bæði erlendis og innanlands; tilgangur ferða, áfangastað og áætlun um ferðakostnað. Leitast skal við að velja hagkvæmasta og umhverfisvænasta ferðamáta hverju sinni.

### ***Aðkeypt þjónusta***

Í umsókn skal skilgreina aðkeypta þjónustu og/eða ráðgjöf; hvaðan þjónustan er keypt, hvað felst í henni, kostnað og áætlaðan afrakstur. Vinna umsækjanda eða samstarfsaðila fellur ekki undir aðkeypta þjónustu.

### ***Annar kostnaður***

Lýsa þarf í umsókn hvers konar aðföng eru nauðsynleg fyrir verkefnið. Heimilt er að kaupa nauðsynlegan sérhæfðan búnað vegna verkefnis

### ***Samfélagssjóðurinn styrkir ekki***

Kaup á landi, jörðum eða lóðum.

Árið 2020 er leyfilegt að styrkja þau kaup sem átt hafa sér stað í tengslum við viðkomandi verkefni frá því að sveitarstjórn samþykkti að stofna sjóðinn. Sjóðurinn styrkir annars ekki það sem átt hefur sér stað áður en umsóknafræstur rennur út.

## **Úthlutunarreglur og mat umsókna**

Úthlutunarreglur Samfélagssjóðs Fljótisdals eru þær forsendur sem mat umsókna og úthlutun styrkja byggir á. Til þess að leggja megi sem faglegast mat og á sem óhlutdrægastan máta, eru lögð fram viðmið sem metin eru til stiga og verður þá til samanburðarhæfur grundvöllur sem mikilvægt er að sé til staðar þegar umsóknir eru meðhöndlaðar.

Stjórn sjóðsins og/eða ráðgjafar sjóðsins styðjast við úthlutunarreglurnar í sinni vinnu við mat á umsóknum. Umsækjendum ber að kynna sér reglurnar og setja umsóknir sínar upp í samræmi við þær kröfur sem þar koma fram.

## **Útlit og frágangur umsókna**

Litið er til þess hvernig umsókn er unnin og gengið frá henni. Í lýsingu skal vera skýrt hvers konar verkefni er um að ræða, hver er tilgangur þess og markmið. Í lýsingu kemur fram hvað skal framkvæma, hvenær og hver afurðin er. Lýsing verkefnis skal vera þannig frágengin að hægt sé að birta stutta lýsingu verkefnis óbreytta og lengri lýsing verkefnis sé þannig framsett að lesandi umsóknar geti lagt mat á hvort umsókn eigi erindi í frekara mat. Heimilt er að vísa umsókn frá uppfylli hún ekki lágmarkskröfur hvað varðar frágang.

Umsókn skal fylgja rekstraráætlun sem er sundurliðuð á umsóknarblaði í fjármögnun og kostnað. Gerð er krafa um að fyllt sé út í umsóknarformið Tilgangurinn með því vinnulagi er að lesandi átti sig strax á trúverðugleika fjármögnunar og kostnaðar við verkefnið. Hins vegar er mikilvægt að bæta við öllum fylgiskjölum um rekstur verkefnis sem við eiga, s.s. viðskiptaáætlunum og rekstraryfirlitum.

### **Viðmiðunarþættir**

- Útfylling umsóknar og verkefnislýsing
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnun
- Verk- og tímaáætlun

## Matsþættir

- Umsókn er vel unnin, skýr og greinagóð lýsing á verkefni.
- Umsókn uppfyllir lágmarkskröfur og verkefnislýsing ásættanleg.
- Umsókn uppfyllir ekki lágmarkskröfur.
  
- Áætlun um fjármögnun er skýr og trúverðug.
- Áætlun um fjármögnun er skýr en ótrúverðug.
- Áætlun um fjármögnun er óskýr og ótrúverðug
  
- Kostnaðaráætlun er skýr og raunhæf.
- Kostnaðaráætlun er skýr en óraunhæf.
- Kostnaðaráætlun er óskýr og óraunhæf.
  
- Tíma- og verkáætlun er góð og áætluð framkvæmd innan 12 mánaða frá úthlutun.
- Framkvæmd verkefnis áætluð innan árs frá úthlutun en verkáætlun ekki skýr.
- Tíma- og verkáætlanir eru ekki fullnægjandi.

## Innihald og trúverðugleiki umsóknar

Hér er litið til þess hvernig verkefnið uppfyllir þá þætti og áherslur sem mikilvægt er að séu til staða í verkefnum sem studd eru af Samfélagssjóði Fljótsdals.

Verkefnið þarf að fara fram í Fljótsdal og/eða nýtast fyrst og fremst Fljótsdælingum. Kostur er að umsækjandi eigi lögheimili í Fljótsdal eða tengist Fljótsdal á einhvern hátt.

Umsækjandi sýnir fram á hvernig hæfni hans og færni styðja við framgang verkefnis. Slíkt má gera með vísan í ferliskrá, samantekt um fyrri verkefni eða hvað eina sem styður við það að umsækjandi sé líklegur til að geta framkvæmt verkefnið eins og það er sett upp. Ennfremur er óskað eftir að gerð sé grein fyrir þekkingu og reynslu samstarfsaðila. Ekki er nóg að hengja bara ferliskrá við umsókn heldur þarf að fylla út í þann hluta umsóknar þar sem beðið er um þessa lýsingu.

Þegar lagt er mat á hvort verkefni er verðmætt fyrir samfélagið er litið til þriggja þátta sem algengt er að nota til að meta fjölþætt virði og áhrif og mikilvægt er að hafa í huga að þættirnir eru allir jafngildir; menningarlegt, samfélagslegt og efnahagslegt virði. Verkefni sem fela í sér verðmæti á öllum þessum sviðum eru Fljótsdalnum mikilvæg.

Heildarmat á líkum þess að verkefnið muni ganga fram eins og því er lýst byggir á mati stjórnar og/eða ráðgjafar og liggja til grundvallar allir þeir þættir sem fram koma á matsblaði. Auk ofangreindra þátta má meta tenginu við áherslur og hugmyndafræði Fagrar framtíðar í Fljótsdal þar sem verkefni skulu almennt styðja við markmið Sjóðsinshvað varðar samfélagsþróun, menningu, atvinnulíf og umhverfi.

Einnig má líta til þess hvort verkefni eru samstarf tveggja eða fleiri aðila. Ákjósanleg er samnýting þekkingar, tækja og tóla. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ekki öll verkefni bera samstarf og þarf að meta slíkt fyrir hvert tilvik. Í verkefnum þar sem ákjósanleg er aðkoma fagaðila og fræðastofnana á sviði verkefnis, ber að meta verkefnið í því samhengi. Enda ætti umsækjandi ætíð að leita til sérfræðinga og fagaðila sér til stuðnings þar sem við á og nýta þá kosti sem slíkt samstarf getur falið í sér. Verkefni sem fela í sér slík tengsl bera vott um ákveðna fagmennsku og metnað sem er mikilvægt að sé til staðar og bendir til þess að umsækjandi hafi kannað vel forsendur og kynnt sér það svið sem verkefnið tengist.

## Viðmiðunarþættir

- Samfélagsleg áhrif
- Reynsla og þekking umsækjanda
- Afrakstur verkefnisins
- Gildi verkefnisins
- Nýsköpun verkefnisins

## Auka matsþættir

- Tenging við Fögur framtíð í Fljótsdal (FfF) og Sóknaráætlun Austurlands.-

## Matsþættir

- Verkefnið hefur lítil samfélagsleg og hagræn áhrif í Fljótdal.
- Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum og hagrænum áhrifum Verkefni takmarkast við ákveðinn stað.
- Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum og hagrænum áhrifum í Fljótsdal. Áhrif verkefnisins ná út fyrir dalinn.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er ekki lýst á þann hátt í umsókn að það styðji við að verkefnið verði unnið á fullnægjandi hátt.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að líkur eru á að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á fullnægjandi hátt.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að mjög líklegt þykir að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á sannfærandi og fullnægjandi hátt.
- Litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Umsókn uppfyllir ekki matsviðmið á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er óljós eða ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir.
- Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga og ætlaður árangur náist. Umsókn uppfyllir hluta matsviðmiða á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er nokkuð skýr en ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir á fullnægjandi hátt.
- Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga eins og því er lýst í umsókn. Umsókn er trúverðug og uppfyllir matsviðmið á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er skýr.
- Menningarlegt og/eða listrænt gildi verkefnis og áhrif þess eru takmörkuð.
- Verkefnið hefur menningarlegt og/eða listrænt gildi og áhrif í för með sér. Verkefnið skapar hlutastarf/tímabundið starf.
- Verkefnið hefur faglega nálgun og mikil menningarleg og/eða listræn áhrif í för með sér og/eða fræðslugildi. Verkefnið skapar framtíðarstarf eða starfshlutfall.
- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpun er ófullnægjandi. Verkefnið skapar engin eða takmörkuð störf og fellur illa að áherslum FFF.
- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi nokkuð skýr. Líkur eru á atvinnusköpun a.m.k. tímabundið og/eða nýsköpun sem eykur styrk svæðisins. Nokkuð raunhæfar væntingar fylgja verkefninu um aukna fagmennsku og/eða fjölbreytni í atvinnulífi.

- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi mjög skýr og sannfærandi. Verkefnið mun veita atvinnu og styrkja atvinnusköpun til lengri tíma. Miklar líkur á fjölgun starfa. Mjög raunhæfar væntingar fylgja verkefninu um aukna fagmennsku og/eða fjölbreytni í atvinnulífi.

### **Auka matsþættir**

- Illa rökstudd tenging en getur þó fallið undir markmið FFF hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi.
- Lýsing á verkefninu gefur til kynna áhugaverðan vinkil og sannfærandi tenginu á áherslur FFF. Ákveðnir þættir í framkvæmd og afrakstur verkefnisins eru þó ekki skilgreindir á fullnægjandi hátt.
- Skýr tenging er við áherslur og markmið FFF hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi. Verkefnið fer fram í Fljótsdal og umsækjandi býr í dalnum. Það fellur jafnframt vel að Sóknaráætlun Austurlands.

### **Ráðgjöf um úthlutun styrkja**

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals er heimilt að leita ráðgjafar eða skipa valnefnd vegna umsókna og afgreiðslu umsókna um styrki telji hún þörf á því. Lögð er áhersla á að stjórn sjóðsins gæti að hæfisreglum við ákvörðanatöku og víkji sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfni skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Til að taka af öll tvímæli má því leita ráðgjafar eða skipa valnefnd sem metur umsóknir og skilar skriflegri umsögn umsókna til stjórnar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á úthlutun styrkja.

### **Úthlutun styrkja**

Umsækjendum er heitið trúnaði um það sem fram kemur í umsókn og varðar verkefnið sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að fjalla um verkefni sem hljóta styrki opinberlega og í fjölmiðlum.

Verkefni eða sá hluti verkefnis sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtímaverkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og miða kostnaðaráætlun og styrkuppghæð við áfanga þess. Hægt er að veita vilyrði um framhaldsstyrk en hvert ár er gert upp sérstaklega eins og um 12 mánaða verkefni væri að ræða og reglur gilda um. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.

Ef heildarstyrkuppghæð sem til ráðstöfunar er það árið fer ekki út við aðalúthlutun, má stjórn sjóðsins auglýsa aftur eftir umsóknum á öðrum tíma innan ársins eða bæta þeirri upphæð við úthlutun ársins á eftir.

### **Eftirlit með notkun styrkja**

Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega innan þriggja mánaða frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og samkvæmt samningi. Forsenda greiðslna er að áfangaskýrsla, þar sem það á við, eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt af sjóðsstjórn eða samkvæmt starfsreglum stjórnar.

Stjórn Samfélagssjóðsins, og eftir atvikum starfsmaður hans, hefur eftirlit með að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var í umsóknum. Verði breytingar á verkefni miðað við umsókn skal tilkynna það skriflega með rökstuðningi og fá samþykkt af verkefnastjóra sjóðsins.

Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir stjórn með skriflegri skýrslu innan árs frá lokum verkefnis. Viðkomandi aðilar þurfa einnig að vera tilbúnir að kynna verkefni sín á ársfundi sé eftir því leitað.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn, samþykktar breytingar eða skilmálum sjóðsins innan árs frá áætluðum verklokum. Umsækjandi skal hafa gengið frá áfanga- og/eða lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um nýjan styrk.

### **Gildistaka**

Úthlutunarreglur þessar eru settar í samræmi við heimildir Samfélagssjóðs Fljótsdals, sbr. 10.gr.

Úthlutunarreglur samþykktar af stjórn 26.3.2020 og uppfærðar í nóvember 2020.